

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 27. júní 2007 í máli

nr. S-112/2007:

Ákærvaldið

(Svavar Pálsson fulltrúi)

gegn

X

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. júní sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru lögreglustjórans á Húsavík, útgefinni 23. apríl 2007, á hendur X,

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 29. desember 2006, ekið bifreiðinni YN-479 vestur þjóðveg nr. 1 í Þingeyjarsveit, með allt að 109 km hraða á klukkustund eftir vegarkafli upp Víkurskarð, en þar er leyfður hámarkshraði 90 km. á klst.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði neitar sök og krefst sýknu.

I.

Samkvæmt gögnum málsins var lögreglumaður í eftirlitsferð í Víkurskarði þann 29. desember 2006 kl. 00:50 þegar hann mætti bifreið sem hann taldi að ekið væri yfir löglegum hámarkshraða. Hraðaratsjá af gerðinni GE-025 sem staðsett var í

lögreglubifreiðinni mældi hraða bílsins 109 km/klst. Ökumanni bifreiðarinnar var gefið merki um að stöðva bifreiðina, sem hann gerði. Þegar lögreglumaðurinn bað ökumann bifreiðarinnar sem er ákærði í máli þessu að stíga út úr bifreiðinni, neitaði hann því ásamt því að neita með öllu að tjá sig um meint hraðakstursbrot.

II.

Ákærði ber svo fyrir dómi að hann hafi verið við akstur á þeim slóðum sem í ákæru segir þegar hann hafi fengið merki um að stöðva bifreið sína. Kveðst hann hafa neitað að stíga út úr bifreið sinni enda hafi hann ekki átt neitt erindi inn í bifreið lögreglunnar, þar sem að hann hefði ekki ekið á ólöglegum hraða. Kveður hann nálina á hraðamæli bifreiðar hans hafi sýnt að ökuhraða hans á bilinu 93-94 km. miðað við klukkustund. Aðspurður um það hvers vegna hann telji að myndupptaka sem sýni að hann hafi ekið á þeim hraða sem segir í ákæru, kveðst hann ekki hafa neitt um það að segja.

Vitnið A lögreglumaður, ber svo fyrir dómi að hann hafi verið við almennt eftirlit neðarlega í Víkurskarðinu umrædda nótt þegar hann hafi mætt bifreið sem hraðaratsjain í lögreglubifreiðinni hafi gefið til kynna að væri á ólöglegum hraða. Kveðst hann þá hafa gefið ökumanni bifreiðarinnar merki um að stöðva aksturinn sem hann hafi gert. Kveðst vitnið hafa óskað eftir því við ökumanninn, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, að hann stigi út úr bifreiðinni en hann hafi neitað því og einnig hafi hann neitað að tjá sig um meint brot sitt. Aðspurður um það hvort að hann hafi kynnt ákærða réttindi sín umrætt kvöld segist vitnið ekki muna það nákvæmlega hvort að hann hafi gert það á þessum tíma, en það sé vinnuregla að lögreglan geri það. Kveðst hann hafa tilkynnt ákærða um það að samskipti þeirra væru tekin upp á mynd.

III.

Ákæran byggir á hraðamælingu sem fer þannig fram að notast er við hraðaratsjá, sem tengd er við upptökuvél sem staðsett er í lögreglubifreiðinni.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök og kveðst þess fullviss að hann hafi ekki ekið svo hratt sem í ákæru greinir og efast um réttmæti mælingar lögreglunnar umrætt sinn, þó hefur hann ekki reynt að sýna fram á að mælingin hafi verið vitlaus eða rengt það er myndband það sem lagt var fram í málinu sýnir. Á umræddu myndbandi sem er dags- og tímasett frá þeim tíma er hið meinta brot átti sér stað sést þegar lögreglumaðurinn, vitnið A, ekur lögreglubifreiðinni og mætir bifreið ákærða. Við skoðun myndbandsins sést hver mældur ökuhraði bifreiðarinnar var, eða 109 km/klst. sem er sami hraði og í ákæru er lýst. Ekkert hefur komið fram í málinu sem dregur gildi mælingarinnar í efa eða bendir til þess að vitnisburður lögreglumannsins sé rangur. Með vísan til framangreinds þykir sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi í umrætt sinn, að teknu tilliti til vikmarka, ekið með 105 kílómetra hraða miðað við klukkustund og varðar sú háttsemi við tilgreind lagaákvæði í ákæru.

IV.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði aldrei verið dæmdur til refsingar. Þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin kr. 15.000 í sekt til ríkissjóðs og komi 2 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna.

Enginn sakarkostnaður er í málinu.

Dóminn kveður upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði X greiði kr. 15.000- í sekt til ríkissjóðs og komi 2 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4 vikna.